



JAFNRÉTTISÁÆTLUN UNGMENNAFÉLAGSINS SINDRA

Jafnréttisáætlun Ungmennafélagsins Sindra var samþykkt á Aðalfundi 01.03.2022. Jafnréttisáætlunin byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu, um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

Iðkendur

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Bæði kyn, í sömu íþróttgrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma. Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttgrein og á sama aldri. Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttgreina eftir kynjum. Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttgreina eftir kynjum. Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Árlega
Verðlaun beggja kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni. Leiðrétt kynbundinn mun ef er. Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hvernar íþróttgreinar eftir kyni. Gæta þess að bæði kynin eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttgreinar/- greina.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara. Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Stjórn félagsins	Árlega



Þjálfarar

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Árlega
Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.		

Nefndir og ráð

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns.	Stjórn félagsins	Árlega
Bæði kynin koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.		

Eftirfylgni/Endurskoðun

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu. Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Árlega
Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.			
Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti.	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.	Stjórn deilda eða framkvæmdarstjóri	Fjórða hvert ár